



## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir

---

### **Efni: Leiðbeiningar fyrir starfsfólk velferðarsviðs vegna COVID-19**

Undirbúningur fyrir yfirstandandi heimsfaraldur COVID-19 hófst í neyðarstjórn velferðarsviðs í lok janúar sl. Ljóst var snemma að áhrifa heimsfaraldurs myndi gæta í flestum þjónustupáttum og því mikilvægt að vekja starfsfólk strax til meðvitundar um mikilvægi sóttvarna og undirbúnings þjónustuveitingar til viðkvæmra hópa notenda. Frá febrúarbyrjun hefur því talsverð vinna farið fram í gerð fræðsluefnis og verklagsreglna út frá leiðbeiningum embættis Landlæknis og sóttvarnalæknis í héraði (heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu) sem starfsfólk hefur fengið kynningu á og hefur aðgang að á workplace-síðunni *Kóróna Covid-19 upplýsingaveita starfsfólks*.

Lagðar eru fram eftirfarandi leiðbeiningar sem unnar hafa verið á velferðarsviði sem fræðsluefni og verklagsreglur fyrir starfsfólk í þjónustuveitingu í COVID-faraldrinum:

- 1) **Handbók fyrir starfsfólk heimila fyrir fatlað fólk.** Inniheldur nákvæmar leiðbeiningar um veitingu þjónustu fatlaðra íbúa í sóttkví/einangrun, hvernig klæðast skuli hlífðarbúnaði, hvar nálgast megi hlífðarbúnað, hvernig ganga eigi frá skráningu í Vinnustund vegna sóttkvíar/veikinda, hvernig eigi að bregðast við vegna eigin veikinda o.s.frv.
- 2) **Handbók fyrir starfsfólk þjónustuíbúða fyrir fatlað fólk.** Inniheldur nákvæmar leiðbeiningar um veitingu þjónustu í sóttkví/einangrun, hvernig klæðast skuli hlífðarbúnaði, hvar nálgast megi hlífðarbúnað, hvernig ganga eigi frá skráningu í Vinnustund vegna sóttkvíar/veikinda, hvernig eigi að bregðast við vegna eigin veikinda o.s.frv.
- 3) **Leiðbeiningar um hvernig eigi að þjónusta barn í sóttkví á heimili sínu.** Leiðbeiningar frá sóttvarnanefnd sviðsins vegna undanþágu frá sóttvarnalögum (sóttkví B) í stuðningsþjónustu.
- 4) **Sóttvarnaplakat á íslensku og ensku.** Plakat útbúið í lok febrúar með nýjstu upplýsingum á þeim tíma og var dreift á starfseiningar sviðsins. Seinna komu Almannaþingarnir með sambærilegt plakat.
- 5) **A, B og C-skilgreiningar starfsstöðva velferðarsviðs.** Áhættumat á starfseiningum velferðarsviðs út frá viðkvæmum notendahópum.

- 6) **Samræmdar leiðbeiningar Almannaþingarinnar til velferðarsviða sveitarfélaga.** Byggðar á A, B og C skilgreiningum velferðarsviðs.
- 7) **Leiðbeiningar Almannaþingarinnar um þjónustuveitingu í sóttkví og einangrun.** Gefnar út 23. mars og byggðar á upplýsingum unnum á skrifstofu velferðarsviðs sem kallaði eftir nákvæmum svörum um sóttkví og einangrun.
- 8) **Leiðbeiningar um hvernig annast á íbúa í sóttkví og einangrun.** Leiðbeiningar velferðarsviðs 12. mars til starfsfólks sem Almannaþingarnir byggðu sínar leiðbeiningar á.
- 9) **Leiðbeiningar vegna lokunar og breyttrar þjónustu í þjónustuíbúðum og á hjúkrunarheimilum.** Gefnar út 17. mars um tilhögun heimsends matar og sameiginlegra matsala, hárgreiðslu- og snyrtistofa o.fl.
- 10) **Leiðbeiningar til starfsfólks stuðningsþjónustu.** Ítarlegt verklag sem inniheldur nákvæmar leiðbeiningar um veitingu þjónustu í sóttkví/einangrun, hvernig klæðast skuli hlífðarbúnaði, hvar nálgast megi hlífðarbúnað, hvernig ganga eigi frá skráningu í Vinnustund vegna sóttkvíar/veikinda, hvernig eigi að bregðast við vegna eigin veikinda o.s.frv.notendum.
- 11) **Skapalón fyrir viðbragðsáætlun fyrir fatlaða íbúa.** Samræmt verklag að fyrirmynd forstöðumanns á heimili fyrir fatlað fólk. Nákvæm viðbragðsáætlun sem hver og einn forstöðumaður útbýr fyrir hvern íbúa hjá sér út frá ástandi hverju sinni (óvissustig, neyðarstig, sóttkví, einangrun)
- 12) **Skipurit neyðarstjórnar velferðarsviðs ásamt viðbragðsteymum COVID-19.**